

**7. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
5. mars 2015 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Katla M. Ketilsdóttir varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi og Íris Reynisdóttir garðyrkjustjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1411099 - Aðalsk.breyting - Þjóðvegur 13-15

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og skipulagslýsing vegna svæða við Þjóðveg 13, 13A og 15.

Lagt er til við bæjarstjórn að skipulagslýsingin verði auglýst samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gefinn verði vikufrestur til að skila inn athugasemdum við lýsinguna. Haldinn verði sérstakur kynningarfundur um lýsinguna.

2. 1402153 - Deilisk. - Miðvogslækjarsvæði, Þjóðvegur 13 - 15

Tillaga að deiliskipulagi lagt fram.

Uppdráttur dags. 5. mars 2015 kynntur.

3. 1502233 - Sláttur, 2015 -2017

Drög að útboðs- og verklýsingu fyrir sumarið 2015.

Garðyrkjustjóri kynnti drög að útboðsgögnum og skipulagi sláttar.

4. 1409066 - Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 2014

Garðyrkjustjóri kynnir drög að svörum.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemdir við svör garðyrkjustjóra.

5. 1411188 - Sjóður - styrkir til viðhalds fasteigna á Akranesi.

Drög að auglýsingu og matsreglum.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi drög.

6. 1401126 - Deilisk. - Smiðjuvalla, Kalmansvellir 6 og Smiðjuvellir 3.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna lóða nr. 6 við Kalmansvelli og nr. 3 við Smiðjuvelli. Breytingin var auglýst frá 21. janúar til 27. febrúar 2015, engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og send Skipulagsstofnun til umsagnar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'SRH', 'KMK', and 'K.S.'.

7. 1502177 - Deilisk. -Skógarhverfi 2. áf., Akralundur 2, 4 og 6

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðanna við Akralund nr. 2, 4 og 6 lagt fram.

Skipulags- og umhverfiráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga að deiliskipulagi verði samþykkt samkvæmt 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og send Skipulagsstofnun til kynningar.

8. 1501015 - Ráðstefnur um úrgangsmál.

Boð á ráðstefnu um úrgangsmál sem haldinn verður 19. og 20. mars n.k.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Paul Óskemrdóttir
Kalla Ketilsdóttir
Vælgardur S. Þorsteinsson
Kjartan Sígurðsdóttir
Thomas Karl Guðbjörnsson
Sig. P. H.
Rafnir Sig. H.